

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. október 2021 í máli nr. 52/2021

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 6. maí 2021 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að kaupum á barnavagni, sem keyptur var í verslun varnaraðila, verði rift. Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá en til vara að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 7. maí 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 11. maí 2021. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 11. maí 2021. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, staðfesting á kaupum á barnavagni í verslun varnaraðila, mynd af skilmálum varnaraðila, yfirlýsing frá eiganda vagnsins um að hann hafi verið í lagi við sölu, svo og myndir af vagninum.

Með bréfi, dags. 7. júní 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á notuðum barnavagni af gerðinni Basson, sem seldur var í verslun varnaraðila, þann 1. maí árið 2021 fyrir 30.000 krónur. Sóknaraðili telur að vagninn hafi verið haldinn galla við kaupin og krefst þess að kaupunum verði rift.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að skermur barnavagnsins haldist ekki uppi í halla eða roki. Þá hefur sóknaraðili í samskiptum við varnaraðila bent á að festingar fyrir burðarúm vagnsins séu haldnar annmarka. Ekki hafi komið fram við kaupin að vagninn væri haldinn galla. Hefur sóknaraðili krafist þess að varnaraðili hafi samband við eiganda vagnsins og sóknaraðila verði gert heimilt að skila vagninum gegn endurgreiðslu vegna galla.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili telur að kæruneftndinni beri að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni þar sem varnaraðili sjálfur er ekki eigandi vörunnar sem sóknaraðili keypti. Hafi einstaklingur leigt bás hjá varnaraðila og selt vörur í eigin eigu með milligöngu varnaraðila sem fólst í aðstöðu í verslun varnaraðila. Þá bendir varnaraðili á skoðunarskyldu kaupanda sem þurfi að gæta að í verslun varnaraðila þar sem notaðar vörur eru til sölu. Ábyrgðin sé því á kaupanda þegar vara

hefur verið keypt í verslun varnaraðila. Upplýsingar um skoðunarskylduna sé að finna á greiðslukvittun vegna kaupa í verslun varnaraðila, á heimasíðu varnaraðila og við afgreiðslukassa verslunarinnar. Varnaraðili kveðst einnig hafa undir höndum myndir af barnavagninum, sem teknar voru áður en sóknaraðili keypti hann, þar sem sjáist að vagninn sé í góðu standi. Þá eigi varnaraðili myndbandsupptöku af sóknaraðila við kaup á vagninum þar sem sést að sóknaraðili hafi nær ekkert skoðað vagninn áður en hann var keyptur. Varnaraðili lætur einnig fylgja með yfirlýsing frá eiganda vagnsins þar sem fram kemur að vagninn hafi verið í góðu ástandi þegar hann var settur á sölu, hafi vagninn verið þrífinn og athugað hvort hann væri í lagi fyrir sölu.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum kveðst sóknaraðili hafa undir höndum skjáskot af auglýsingu af facebook síðu varnaraðila þar sem brotna festingin sjáist á mynd af vagninum. Þá bendir sóknaraðili á að í skilmálum varnaraðila komi einnig fram að í einstökum tilvikum, ef vara er keypt ónýt eða gölluð og bilunin ekki sjáanleg, þá sé hægt að skila vöru. Telur sóknaraðili að það eigi við um vagninn þar sem skermurinn haldist ekki upp í halla. Varnaraðili hafi boðið sóknaraðila inneign í verslun sína sem nemur þóknun varnaraðila vegna sölunnar, að fjárhæð 4.500 krónur.

IV

Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili festi kaup á notuðum Basson barnavagni í verslun varnaraðila fyrir 30.000 krónur þann 1. maí árið 2020. Þriðji aðili, einstaklingur, var eigandi vagnsins. Sóknaraðili telur að vagninn hafi verið haldinn galla við sölu og krefst þess að kaupunum verði rift. Varnaraðili hefur bent á að hann sé aðeins milliliður og geti því ekki orðið við kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna. Þá telur varnaraðili ekki liggja fyrir að vagninn hafi verið haldinn galla við kaupin og bendir á að eigandi vagnsins fullyrði að hann hafi verið í góðu lagi við sölu. Telur varnaraðili að sóknaraðili hefði mátt sjá annmarka á vagninum við skoðun á honum fyrir kaupin ef þeir hefðu verið til staðar við kaupin. Þá bendir varnaraðili á skilmála sína um að notaðar vörur séu keyptar í því ástandi sem þær eru og að það sé á ábyrgð kaupanda að skoða vöru fyrir kaupin.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærufndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með sölusamningi er átt við samning milli seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samninga sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019. Af þessu er ljóst að ágreiningurinn heyrir undir lögin og þar með undir valdsvið kærufndarinnar.

Ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) gilda um neytendakaup, en með neytendakaupum er átt við sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Í 4. mgr. 1. gr. nkpl. segir að umboðsmaður seljanda, sem hefur atvinnu sína af sölu, sé samábyrgur seljanda vegna skyldna hans, nema

neytanda hafi verið bent sérstaklega á að umboðsmaðurinn sé aðeins milliliður og ekki samábyrgur seljandanum. Samábyrgðin gildir þó ekki þegar seljandi sjálfur annast söluuna.

Varnaraðili var ekki eigandi barnavagnsins sem sóknaraðili keypti og ágreiningur málsins varðar. Vagninn var í eigu einstaklings sem seldi vagninn á eigin bás í verslun varnaraðila. Milligangan fór þannig fram að varnaraðili lagði fram aðstöðu til sölu eigandans á barnavörum í sinni eigu, gegn greiðslu hlutfallslegrar þóknunar sem nemur 15% af söluandvirði hvernar vöru. Eiganda vagnsins bar sjálfum að skrá niður þær vörur sem til stóð að selja, verðleggja vörurnar, verðmerkja þær og koma þeim fyrir, annarsvegar í tilteknum bás og hins vegar á svæði þar sem barnavagninn var geymdur. Eigandanum bar einnig sjálfum að hafa umsjón með básnum, sjá um áfyllingu, og tiltekt á vörum sínum eftir þörfum. Varnaraðili tekur hlutfallslega þóknun fyrir hvern seldan hlut en kemur að öðru leyti ekki að verðlagningu, uppröðun eða öðru sem varðar undirbúning söluunnar. Þá getur eigandi söluhlutarins hvenær sem er eftir sölu hlutar óskað eftir greiðslu söluandvirðisins frá varnaraðila.

Hins vegar verður að líta til þess að raunverulegur eigandi söluhluta er hvergi nafngreindur í söluferlinu gagnvart sóknaraðila sem kaupanda vörunnar, starfsmenn varnaraðila sjá um eiginlega sölu sem fram fer á greiðslukössum verslunarrýmisins, eigandi vörunnar þarf ekki að vera viðstaddur söluuna, greiðslan berst frá neytanda til varnaraðila og varnaraðili er einn nafngreindur sem seljandi á greiðslukvittun vegna kaupanna. Þá verður ekki séð að tekið hafi verið fram í sölugögnum að varnaraðili sé aðeins milliliður vegna kaupanna. Þar sem varnaraðili er eini sérstaklega tilgreindi viðsemjandi sóknaraðila vegna kaupanna verður ekki annað séð af gögnum málsins en að varnaraðili hafi komið fram sem seljandi gagnvart sóknaraðila í skilningi laga um neytendakaup. Af því leiðir að lög um neytendakaup gilda um ágreining málsins. Verður kvörtun sóknaraðila því ekki vísað frá af þeim sökum að varnaraðili sé ranglega tilgreindur sem seljandi vörunnar.

Í skilmálum varnaraðila, við greiðslukassa í verslun varnaraðila, svo og í útgefinni greiðslukvittun vegna kaupanna, kemur fram að notaðar vörur, sem keyptar eru í verslun varnaraðila, séu keyptar „í núverandi ástandi“. Í 1. mgr. 17. gr. nkpl. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Af gögnum málsins verður ekki fullyrt að varnaraðili eða eigandi vagnsins hafi vanrækt að veita sóknaraðila upplýsingar um vagninn sem þeir hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til í skilningi b-liðar 16. gr. nkpl. Gegn andmælum fyrrum eiganda vagnsins og varnaraðila verður ekki fallist á að sannað hafi verið að vagninn hafi verið haldinn galla á þeim grundvelli. Þá

bendir ekkert til þess að vagninn svari ekki til upplýsinga sem varnaraðili eða eigandi vagnsins hafi gefið um hann fyrir kaupin samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda hefur ekkert komið fram í málinu um þær sérgreindu upplýsingar sem gætu átt þar undir. Stendur þá eftir mat á því hvort ástand barnavagnsins hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Fyrir liggur að um notaðan barnavagn var að ræða sem seldur var á 30.000 krónur. Þrátt fyrir að söluhlutur hafi verið notaður má neytandi almennt gera ráð fyrir að söluhluturinn virki líkt og honum er ætlað að gera nema annað sé sérstaklega tekið fram við kaupin. Það að vagninn hafi verið seldur notaður gaf sóknaraðila hins vegar sérstaka ástæðu til að skoða hann vandlega áður en kaupin fóru fram.

Sóknaraðili hefur bent á að skermur vagnsins haldist ekki uppi við vissar aðstæður og miðar krafa sóknaraðila í málinu við að um galla sé að ræða vegna ástands skermsins. Að undanskildu kaupverði vagnsins, og þeirrar staðreyndar að hann var notaður, liggja ekki frekari upplýsingar fyrir um vagninn, s.s. aldur hans, fyrri notkun og um upplýsingagjöf fyrir söluna. Af gögnum málsins er ekki ljóst hvort annmarki á virkni skermsins hafi verið til staðar fyrir kaupin. Sönnunarbyrði þess efnis hvílir á sóknaraðila.

Þegar litið er til framangreinds er ekki unnt að fallast á að sannað hafi verið í málinu ástand barnavagnsins hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Er nefndinni ekki annað fært en að hafna kröfu sóknaraðila.

V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson